



SKÝRSLA SKÓLAPINGS SVEITARFÉLAGA 2015



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Myndir eru frá Skólapingi sveitarfélaga 2015

Ritstjóri og ábm.: Svandís Ingimundardóttir

2016/08

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*

SKÝRSLA SKÓLAÞINGS SVEITARFÉLAGA 2015

INNGANGUR	4
DAGSKRÁ SKÓLAÞINGS SVEITARFÉLAGA 2. NÓV. 2015	5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÚR UMRÆÐUM Á SKÓLAÞINGI 2015	6
LÆSI	7
VINNUMAT	15
NIÐURSTÖÐUR MATS ÞÁTTTAKENDA Á SKÓLAÞINGI 2015	26

INNGANGUR

Fimmta Skólaping sveitarfélaga var haldið 2. nóvember sl. og fór fram á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Alls skráðu 240 þátttakendur sig til leiks og var um helmingur þátttakenda stjórnendur úr leik- og grunnskólum. Sveitarstjórnarfolk ásamt bæjar- og sveitarstjórum töldu tæp 20% og fræðslustjórar og starfsmenn skóla- og fræðsluskrifstofa sveitarfélaga um 18%. Niðurstöður mats þátttakenda að loknu skólapingi fylgir þessari skýrslu.

Meginumfjöllunarefni þingsins að þessu sinni voru tvö. Hið fyrra laut að læsi, metnaðarmáli ríkis og sveitarfélaga en eftir hádegið var áherslan lögð á innleiðingu vinnumats grunnskólakennara sem samþykkt var með síðasta kjarasamningi SNS og KÍ vegna grunnskólans í febrúar 2015. Í kjölfar erinda um hvort umfjöllunarefni fyrir sig tóku umræðuhópar til starfa undir stjórn umræðustjóra um fyrirfram gefnar spurningar. Niðurstöðum umræðna var safnað saman og fylgja þær með þessari skýrslu. Niðurstöður læsisumræðu verða kynntar læsisteymi Menntamálastofnunar sem fylgir eftir þjóðarsáttamála menntamálaráðherra um læsi. Auk þess verður gerð grein fyrir þeim á samráðsnefndarfundi leik- og grunnskóla. Niðurstöður umræðna um vinnumat voru sendar verkefnisstjórn um vinnumat sem hagnýtir sér þær við frekari vinnu við mat og innleiðingu vinnumatsins.

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins flutti inngangserindi og setti skólapingið. Í upphafi máls síns kallaði hann inn nemendur Tónlistarskóla Eddu Borg og þakkaði þeim fyrir fallegan tónlistarflutning fyrir gesti skólapingins. Þá vakti Halldór athygli á því að sambandið myndi taka upp þá nýbreytni á komandi ári að blása til styttri málstofa eða morgunverðarfunda um tiltekið málefni en hvíla málþingsfyrirkomulagið, en málþing um skólamál hafa verið haldin það árið sem ekki er skólaping. Skólaping sveitarfélaga verða áfram haldin annað hvert ár. Að loknu erindi Halldórs tók Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra við og fjallaði m.a. um árangur íslenskra nemenda á PISA, mikilvægi þess að allir nemendur hefðu jöfn tækifæri til náms, áherslur Hvítbókar á læsi og nýtt námsmat. Upptökur allra erinda sem og glærur fyrirlesara má sækja á upplýsingavef sambandsins: <http://www.samband.is/skolathing-2015>

Ráðstefnustjórar skólapingins voru Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og Ragnar Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri í Reykjavík. Þeim, ásamt öllum fyrirlesurum, umræðustjórum, riturum og öðrum þeim er komu að skipulagningu og framkvæmd þingsins er þakkað kærlega fyrir þeirra góða framlag.

Næsta Skólaping sveitarfélaga verður haldið haustið 2017 en sambandið mun standa fyrir málstofum eða morgunverðarfundum um afmörkuð málefni er tengjast skólamálum á árinu 2016.

Skólalæsi sveitarfélaga

Hilton Reykjavík Nordica, 2. nóvember 2015

8:30 Skráning og tónlistarflutningur nemenda frá Tónskóla Eddu Borg

9:00 Setning og inngangserindi

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

I. hluti Læsi – metnaðarmál ríkis og sveitarfélaga

9:15 Ávarp Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra

9:30 Fram og aftur Hvítbókina – hvernig náum við markmiðum hennar?

Gylfi Jón Gylfason, sviðsstjóri matssviðs Menntamálastofnunar

10:00 Næstu skref í borginni

Dröfn Rafnsdóttir, sérfræðingur á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

10:30 Kaffihlé

10:50 „Á bjargi byggði hygginn maður hús“ - mótun stefnu og aðgerðir til að efla læsismenntun

Rúnar Sigþórsson prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri

11:20 Saman náum við árangri

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla.

11:35 Umræðuhópar að störfum um læsi

Fundarstjóri: Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði

12:30 Hádegishlé

13:20 Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar - stutt innslag

Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins

II. hluti Vinnumat grunnskólakennara

13:30 Sjónarhorn sveitarstjórnarmanns

Karl Frimannsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit

14:00 Sjónarhorn kennara

Lísa S. Greipsson, trúnaðarmaður kennara í Lágafellsskóla

14:20 Sjónarhorn skólastjóra

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla

14:40 Umræðuhópar að störfum um vinnumat

15:40 Samantekt og lokaorð

Ragnar Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri í Reykjavík

15:50 „Hefurðu húmor fyrir þessu?“

Arí Eldjárn

Fundarstjóri: Ragnar Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri í Reykjavík

Ítarefni er að finna á slóðinni www.samband.is/skolathing-2015



HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÚR UMRÆÐUM Á SKÓLAÞINGI 2015

Umræðuhópar, með á bilinu 10-12 þátttakendum hver, einum umræðustjóra og einum ritara, tóku til óspilltra málanna að loknum erindum um læsi fyrir hádegi og vinnumat eftir hádegi. Fjallað var um hvort málefni fyrir sig á grundvelli fyrirfram gefinna spurninga. Sá háttur var hafður á við gerð spurninga að fyrirlesurum var gefinn kostur á að senda inn tillögur að spurningum í tengslum við eigin erindi, sem þeir óskuðu eftir að fjallað yrði um í umræðuhópum auk þess sem skólateymi sambandsins lagði í púkkið.

Alls urðu spurningar í tengslum við læsið 21 talsins og fékk hver hópur 3 spurningar til umfjöllunar. Hver spurning um læsið fékk því umfjöllun í þremur hópum.

Sambandið hvetur öll sveitarfélög, sem mörg hver hafa sett sér, eða undirbúa að setja sér læsisstefnu, að hagnýta sér meðfylgjandi niðurstöður. Af þeim má draga margvíslegar ályktanir um hvað beri að hafa í huga m.a. við að efla lestur og lesskilning almennt, innleiða þjóðarsáttmála um læsi og virkja alla hlutaðeigandi til ábyrgðar.

Sambandið mun kynna niðurstöður umræðu um læsi fyrir Menntamálastofnun og læsisráðgjöfum hennar auk þess sem þær verða teknar til umfjöllunar á samráðsnefndarfundi leik- og grunnskóla og jafnframt vakin athygli á þeim almennt.

Í umræðum um vinnumat voru spurningar heldur færri eða 11 og því fleiri hópar sem fjölluðu um hverja fyrir sig.

Vinnumat grunnskólakennara, sem innleitt var árið 2015, felur í sér stærstu breytingu á starfsumhverfi kennara og umgjörð skólastarfs sem ráðist hefur verið í á umliðnum árum. Ljóst er að ekki verður auðveldlega lagt mat á árangur eftir svo skamman tíma en niðurstöður umræðunnar á skólaþinginu veita engu að síður mikilvægar upplýsingar um það hvernig skólaþingsgestir meta áhrif þess. Vísbendingar koma fram um þau jákvæðu áhrif sem vinnumatið hefur haft og getur haft í för með sér fyrir skólastarfið og jafnframt þá agnúa sem upp hafa komið við innleiðinguna og sníða þarf af fyrir komandi vetur. Sambandið hvetur því sveitarfélög til þess að skoða vel niðurstöður umræðnanna um vinnumat.

Niðurstöður umræðu um vinnumat grunnskólakennara munu jafnframt gagnast verkefnisstjórn um vinnumat við skipulagningu áframhaldandi innleiðingar vinnumatsins og sem innlegg í óformlegt mat á því hvernig til hefur tekist til þessa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum umræðunnar, fyrst um læsi og síðan umræðum um vinnumat. Vakinn er athygli á því að númeraröð spurninga hefur verið breytt frá því sem var á skólaþinginu.

LÆSI

1. Hvernig getum við skapað liðsheild innan hvers skólasamfélags um að efla læsi og hvatt alla til dáða?

Byggja þarf upp lærdómssamfélag og skilgreina ábyrgð og hlutverk hagsmunaaðila (starfsfólks skóla, skólaskrifstofa, sveitarstjórnarfólks/fræðslunefnda, nemenda og foreldra), þeir þurfa að finna sitt eignarhald á verkefninu. Sérstaklega er mikilvægt að virkja foreldra og fræða þá um mikilvægi lesturs og lestrarþjálfunar.

Efla þarf læsisþáttinn í menntun kennara og starfsþróun sér í lagi á mið- og unglingastigi. Þetta er langtímaverkefni sem krefst stuðnings, fræðslu og fjármagns.

Stuðla að aukinni virðingu skólastiganna fyrir hvert öðru.

2. Hvert á hlutverk skólanefnda og sveitarstjórna að vera við að bæta árangur nemenda í lestri?

Sveitarstjórnir þurfa að efla tengslin við skólana, sýna málinu áhuga og vera í betri tengslum við skólanefndir. Setja þarf sveitarfélaginu læsisstefnu í góðu samráði allra hagsmunaaðila og skapa sérstakan vettvang til umræðna um framkvæmd og innleiðingu.

Sveitarfélög þurfa að setja fjármagn í verkefnið, stuðningur, fræðsla og ráðgjöf til skóla og kennara um læsi og eftirfylgni. Efla þarf sérfræðipjónustu og styðja við stjórnendur í þessu verkefni t.d. með símenntun.

Efla þarf skólabókasöfn og bæta við margmiðlunarsöfn.

3. Hvernig aukum við líkur á því að árangursríkar aðferðir við lestrarnám í skólum nái sem mestri útbreiðslu á sem stystum tíma?

Málefni læsis þarf að gera að þjóðar„stefnu“ en ekki „átaki“.

Skólasamfélagið þarf að vera óhrætt við að stokka hefðbundnar aðferðir og beita nýjum og fjölbreyttari aðferðum til að ná árangri.

Samvinna og samstaða alls skólasamfélagsins. Samstarf og virðingu milli leik- og grunnskóla þarf að efla.

Markvissari símenntun kennara á öllum skólastigum og í sérgreinum með áherslu á mikilvægi læsis og lesskilnings.

Með því að hafa góðar og öflugar kynningar fyrir foreldra og fylgja þeim eftir, líka í leikskólum. Breyta viðhorfi foreldra.

Nýta frístundaheimilin til að styðja námslega við börn sem ekki fá notið stuðnings heima fyrir.

Samþætta lestrarnám við aðrar námsgreinar á mið og unglingastigi og setja fram einstaklingsmiðaðar lestaráætlanir.

4. Hvernig getum við skapað vettvang fyrir faglegar umræður um læsi og lestrarkennslu í skólasamfélaginu?

Skapa þarf umræðugrundvöll í fjärsamfélaginu, háskólarnir mikilvægir í þeirri umræðu. Í nærsamfélaginu þurfa foreldrar að koma sterkar inn og kennarar að vera tilbúnir í það samstarf og hafa til þess tíma og svigrúm. Áhyggjuefni að foreldrasamskipti eru streituvaldur hjá grunnskólakennurum. Kennarinn þarfnast meiri stuðnings við þau samskipti.

Færni kennara til að koma jafnt til móts við stráka og stelpur m.t.t. læsis fer að hraka strax í 3. bekk. Skólastjórnendur setji læsi á dagskrá í þeim tíma sem þeir hafa m. kennurum.

Efla bókasöfnin í því skyni og gera að miðstöðvum læsis.

Skilgreina þarf betur hlutverk Menntamálastofnunar við að styðja við, innleiða og efla læsismennt í landinu. Stofnunin þarf að nýta sér sérfræðipækkingu háskólanna í læsi bæði HA og HÍ ekki síst HA. Áhyggjur af því að faglegt traust sé ekki til staðar. Byggja þarf upp faglegt lærdómssamfélag og efla jafningjafræðslu á vettvangi.

5. Hvers konar stuðning og fræðslu þurfa kennarar helst til þess að ná markmiðum þjóðarsáttmála um læsi?

Það þarf að skilgreina betur þátttöku og ábyrgð hvers aðila í þjóðaráttakinu um læsi.

Aukna áherslu þarf að leggja á læsisþáttinn í menntun kennara og starfsþróun. Markvissan stuðning þarf við nýja kennara og auka starfsþróun og stuðning á leikskólastigi vegna málþroska og orðaforða.

Þá þarf að endurskoða áherslur sérfræðipjónustu sveitarfélaga og víkja frá klínískri einstaklingsbundinni þjónustu (sálfræðingum) í kennsluráðgjöf og stuðning við starfsemi skóla. Miðlæg læsisráðgjöf er þýðingarmikil. Ráðgjafarnir þurfa að búa yfir sérfræðipækkingu á mismunandi sviðum s.s. eldri og yngri börn, nýbúar, bráðger börn, einhverfir nemendur o.s.frv. Þurfum að auka mælingar til að skilja hvað við erum að gera en ekki mælinganna vegna.

Leggja áherslu á starfendarannsóknir og mikilvægi skólastjóra í ferlinu öllu sem leggja línur og gefa rými til athafna.

6. Hvernig stuðningur kemur foreldrum best við að efla lestrarkunnáttu barna sinna?

Foreldrar eru fyrirmyndir og þurfa að fá verkfæri í formi markvissra leiðbeininga frá skólunum, fræðslu frá skólanum um lestur, lestrarfærni og mikilvægi lestrar heimafyrir. Skilgreina þarf betur hlutverk foreldra og skapa jarðveg fyrir lestrarmenningu sem þarf að kenna og fræða um. Þá þarf að styðja sérstaklega við þá foreldra sem standa höllum fæti en skólinn einn og sér getur ekki tekið það verkefni að sér.

Gera nokkurs konar foreldrasáttmála í læsi sem felur í sér skuldbindingu aðila skólasamfélagsins og virkja og efla bókasöfnin betur.

Samskipti og tengsl kennara og foreldra eru grundvallaratriði. Það þarf að byggja upp traust og faglegan samstarfsvettvang. Efla þennan þátt í grunnmenntun kennaranema og síðar í starfsþróun, þ.e. samskipta- og viðtalstækni.

7. Hvernig má efla samstarf heimilis og skóla með tilliti til lestrarfærni allt til loka grunnskóla?

Skólar og sveitarfélög þurfa að setja sér lestrarstefnu með aðkomu foreldra. Tryggja að lestur verði ekki kvenlægur og að karlar taki líka ábyrgð.

Í skólanámskrám ætti að koma fram hlutverk foreldra á mismunandi skólastigum/aldurstigum og ráðleggingar um hvernig þeir geti stutt við lestrarnám barna sinna. Mikilvægt er að halda foreldrum vakandi og upplýstum um framgang nemenda.

Það þarf að fræða og efla foreldra og styrkja þá í að standa með börnum sínum. T.d. með námskeiðum þar sem m.a. yrði fjallað um eflingu málþroska, lestraraðferðir, hlutverk

foreldra og lestrarmenningu heimilanna. Það ætti að skylda foreldra á slík námskeið. Efla starf foreldrafélaga.

Nálgast foreldra sem jafningja og af virðingu. Huga þarf að baklandi nemenda og möguleikum foreldra og fjölskyldu til stuðnings við nemendur. Stuðningur við foreldra þarf að vera einstaklingsmiðaður og huga þarf sérstaklega að foreldrum af erlendum uppruna og þeim sem glíma við erfiðar félagslegar aðstæður. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til túlkabjónustu í skólum.

8. Hvernig verða niðurstöður skimunarprófa best nýttar við að efla lestrarfærni nemenda?

Samhliða skimun á læsi af ólíkum toga þarf að fylgja áætlun um hvernig greina beri niðurstöður og þær svo hagnýttar. Mikilvægt er að foreldrar verði hluti af því ferli. Ekki á að leggja bara fyrir sama skimunarpróf fyrir alla. Eftirfylgni þarf að vera markviss í nokkur ár á eftir með hverjum nemanda. Skimunarpróf þarf svo að uppfæra og hafa á tungumáli sem er nær nemendum í tíma.

Mikilvægt að flokka kennsluefni samhliða skimunum þannig að nemendur takist á við verkefni sem henta þeim út frá niðurstöðum.

Beita á snemmtækri íhlutun – skima strax við 2½ árs aldur fyrir málþroska og orðaforða og upplýsa foreldra á jafningjagrundvelli.

9. Mun þjóðarsáttmáli um læsi valda sveitarfélögum auknum kostnaði?

Já, krafan er að sveitarfélög tryggja framkvæmdina, en mismunandi aðstæður skóla/sveitarfélaga geta leitt af sér mismunandi kostnað og hafa þarf í huga að ólíkar leiðir henta ólíkum hópum.

Hægt er að draga úr kostnaði með því að samnýta þekkingu og efni/gögn.

Tryggja þarf fjármuni frá ríkinu í framkvæmd verkefnisins. Jöfnunarsjóður ætti að komi að kostnaði við starfsþróun kennara. Koma í veg fyrir að niðurskurður til fræðslumála bitni á árangri í þessu verkefni.

Kostnaðurinn mun m.a. felast í:

- ráðgjöf, stuðningi og eftirfylgd við foreldra. Foreldrar erlendra barna og barna með brotið bakland þurfa víðtækari og sérhæfðari stuðning
- seinniparts og/eða kvöldfundum
- heimanámsaðstoð í skólum m.a. þar sem foreldrar treysta sér illa til að aðstoða börn sín
- aukin kaup á bókum
- betri mönnun í skólunum, það vantar fleiri kennara með þessa sérhæfingu
- breyta þarf áherslum í kennaramenntun
- viðurkenna þarf mikilvægi starfsþróunar í tengslum við læsisátakið, bæði á skólatíma og utan
- úti á landi er misgóður aðgangur að sérfræðingum sem hefur í för með sér kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu/ráðgjafar t.d. vegna ferða- og gistikostnaðar
- setji sveitarfélög verkefnið í forgrunn t.d. með því að efla fræðsluskrifstofur.

10. Hvernig verður árangur verkefnis um eflingu læsis festur í sessi og gerður varanlegur?

Lestur á ekki að vera átaksverkefni heldur hluti af hefð/menningu með sameiginlegri ábyrgð og eign allra í samfélaginu. Það þarf að viðhalda samtakamættinum og byggja upp lærdómssamfélag á hverjum stað. Stofna þarf læsisteymi í skólum og sveitarfélögum.

Skuldbinding sveitarfélaga og skóla til langframa skiptir máli. Vinna þarf að þessu heildstætt í hverju sveitarfélagi með skýrri sýn, stefnu og raunhæfum áætlunum (læsistefnu). Samstarf milli skóla og skólastiga í sveitarfélaginu ætti að vera eðlilegur hluti starfsins.

Efla þarf kennaramenntun á sviði læsis, þyrfti að vera hluti af grunnnámi allra kennaranema. Efla þarf fagmennsku kennara og stjórnenda skóla með markvissri starfsþróun.

Skólar þurfa ráðgjöf. Huga þarf að því að aðstæður sveitarfélaga eru ólíkar og stuðningsnet ekki alltaf til staðar, s.s. fræðsluskrifstofur.

Það þarf að forgangsraða verkefnum og léttu álagi af kennurum svo þeir hafi tíma fyrir læsiskennslu, hún má ekki vera afgangsstærð.

Festa þarf í sessi kennsluaðferðir sem virka og verkefni sem hafa heppnast vel s.s. Stóra og Litla upplestrarkeppnin.

Leikskólinn er mikilvægur grunnur og leggja þarf meiri áherslu á snemmtæka íhlutun og nám á því skólastigi.

Markvisst samstarf heimilis og skóla með skýrum markmiðum, virkri þátttöku, endurgjöf og stuðningi. Ábyrgð foreldra á heimalestri þarf að vera í forgrunni og að þeir séu fyrirmyndir barna sinna. Bjóða þarf upp á námskeið fyrir foreldra og ætlast til að þeir mæti.

Efla þarf skólasöfn og auka sýnileika og vægi bóka. Tækniþróun hefur breytt miklu sem krefst oft mjög einfalds lesmáls og bóklestur verður þar með minna spennandi. „Bókabæir austan fjalls“ er dæmi um gott verkefni sem eykur meðvitund og sýnileika bóka. Fá má kennara á eftirlaunum í lestaraðstoð við skólana.

11. Skv. niðurstöðum PISA ná aðeins um 79% nemenda að lesa sér til gagns við lok grunnskóla. Markmið Hvítbókar er að 90% nemenda nái þessu marki árið 2018. Hvernig verður þessu markmiði best náð?

Þarf að skilgreina nánar hvað átt er við með að geta „lesið sér til gagns“ og hvort verið er að meta árangur allra nemenda eða bara hluta.

PISA er bara einn mælikvarði af mörgum, og slíkt mat fer fram á 3ja ára fresti. Það þarf að meta verkefnið á vandaðan hátt og út frá fleiri mælikvörðum. PISA 2018 er ekki endilega aðalmarkmiðið – það þarf að horfa á verkefnið í víðara og lengra samhengi. Skoða þarf fleiri viðmið s.s. samræmd próf (sem aðeins hluti nemenda tekur) og brottfall úr framhaldsskóla.

Skólar þurfa að setja sér markmið út frá eigin aðstæðum. Skýr forgangsriðun er forsenda þess að bæta árangur, vinna ætti með færri atriði í senn í skólastarfi í stað þess að gera allt í einu. Ekki líta á þetta sem átak heldur langhlaup. Leggja áherslu á lýðræðislega starfshætti.

Læsisráðgjafar Menntamálastofnunar munu ekki bjarga öllu. Sveitarfélögin þurfa að færa skólunum bjargir t.d. efla skólabókasöfn og fjármuni til starfsþróunar.

Enginn á að vera undanþeginn því að efla lestur. Þetta er samfélagsverkefni og á að vera hluti af menningu en ekki kvöð. Það þarf að gera meiri kröfur til allra (kennara, foreldra, sveitastjórna, nemenda) og virkja frumkvæði nemenda.

Æskilegt er að hefja skólaskyldu fyrr. Mjög gott starf er unnið í leikskólum en það vantar fleiri leikskólakennara. Skimanir fari fram í leikskóla og þeim fylgt eftir með snemmtækri íhlutun.

Fókus þarf að setja á unglingastigið. Leggja áherslu á fjölbreyttan lestur og leshæfni á öllum námssviðum. Nemendur verða að sjá tilgang með náminu.

12. Á að birta niðurstöður skimunarprófa og samræmdra könnunarprófa opinberlega? Hver væri megingilgangur þess?

Skiptar skoðanir voru á þessu í öllum umræðuhópum.

Mestu máli skiptir hvernig niðurstöðurnar eru notaðar. Mikilvægt er að þær séu notaðar til að byggja upp starfið innan skóla og sveitarfélaga, námi nemenda til hagsbóta.

Ef birta á niðurstöður þarf að vanda framsetningu upplýsinga, láta t.d. koma fram hvort um er að ræða framfarir eða afturför yfir lengra tímabil en eitt ár. Einnig ætti að bera árangur saman við menntunarstig og stöðu foreldra í sveitarfélaginu. Sum svæði búa yfir ákveðinni forgjöf hvað þetta varðar.

Mikilvægt er að leita skýringa á árangri skóla með því að skoða starfshætti skólanna, í stað þess að leita skýringa hjá nemendum sjálfum.

Verðum að geta talað um hlutina eins og þeir eru.

Bent var á nokkur atriði sem styðja við birtingu niðurstaðna:

- Getur verið hvetjandi.
- Geta veitt aðhald.
- Hægt að nota umræðuna til að gera betur.

Einnig var bent á að birting niðurstaðna geti haft neikvæð áhrif á skólastarf:

- Elur á samkeppni milli skóla án þess að endilega sé um samanburðarhæfar upplýsingar að ræða.
- Hætta á að niðurstöðurnar verði misnotaðar.
- Hætta á að skólastarf miðist of mikið við að ná árangri í stöðluðum prófum.
- Fjölmíðlaumræðan getur verið mjög villandi í kjölfar birtingar.
- Birting getur haft slæm áhrif á sjálfsmynd skóla, viðhorf til hans og jafnvel uppbyggingu hverfis og íbúðaverð.
- Getur verið letjandi umræða fyrir skólasamfélög sem koma illa út.

13. Hvernig geta störf lestrarráðgjafa Menntamálastofnunar nýst skólum og foreldrum sem best?

Lestrarráðgjafarnir þurfa að vinna á jafningjagrundvelli, vera leiðtogar og mikilvægt að þeir telji sig ekki vita allra manna best. Nýta þarf mannauðinn á hverjum stað, þjálfar upp leiðtoga/sérfræðinga.

Brýn þörf er á að skilgreina hvað læsi er. Þá er nauðsynlegt að framkvæma þarfagreiningu og skoða og meta hvað er verið að gera í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Lestrarráðgjafar fylgjast með og leggja mat á árangur, standa að útgáfu sameiginlegra viðmiða og fleiri lestrar- og lesskinginspróf. Þó skal hafa í huga að skimanir og mælingar eru mikilvægar en duga ekki einar og sér.

Lestrarráðgjafar eiga að veita sveitarfélögum og skólum ráðgjöf. Mikilvægt er að leggja mikla áherslu á ráðgjöf vegna lestrarkennslu á mið- og unglingastigi og nám barna með annað móðurmál en íslensku. Þá standa þeir að námskeiðum/fræðslu fyrir sveitarstjórnir, starfsmenn skóla og foreldra/ foreldrafélög.

Lestrarráðgjafarnir eiga að koma með nýjungar í skólana og sjá til þess að það gamla góða sem virkar gleymist ekki. Þeir aðstoða skóla við að efla samstarf við foreldra og finna leiðir til að auka áhuga á lestri. Ein hugmynd er að gefa út bækling með lestrarhugmyndum fyrir heimilin. Þá þarf að finna leiðir til að efla heimalestur og aðstoða skóla við að snúa við neikvæðri umræðu um heimalestur.

Mikilvægt er að ráðgjafarnir haldi á lofti fjárhagslegum ávinningi af lestrarátaki.

Í umræðunni kom einnig fram:

- Þjóðarátakið fór illa af stað.
- Áhyggjur voru af samsetningu ráðgjafahópsins (of margir leikskólakennarar).
- Slæmt að allir ráðgjafar eru staddir á höfuðborgarsvæðinu, þeir þurfa að vera út á landi líka.
- Þetta má ekki verða enn eitt „eftirlits batteríð“.
- Setja þarf læsi á oddinn í íslensku menntakerfi eins og á Norðurlöndum. Á Íslandi eru tímar til móðurmálskennslu 30% færri en t.d. á Norðurlöndunum.
- Hver verður stefna stofnunarinnar varðandi lestrarkennsluáðferðir? Forðast þarf áherslu á einhverja eina aðferð.

14. Hvert er hlutverk leikskóla við að efla læsi?

Leikskólar eru í lykilhlutverki við að efla hljóðvitund, málvitund, orðaforða, áhuga og tilgang læsis. Þess vegna er mikilvægt að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn á leikskólum geri sér grein fyrir mikilvægi sínu og ábyrgð sem móðurmálskennarar. Strax á leikskólastiginu þarf að hefja fræðslu til foreldra um mikilvægi lesturs. Skimanir og snemmtæk íhlutun eiga að vera hlutverk leikskólanna og því þarf leikskólinn að skila niðurstöðum skimana/mælinga til grunnskóla svo hægt sé að vinna úr niðurstöðunum þar.

Formgera þarf betur samstarf leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að skólastigin tali saman.

Halda þarf leiknum inni í námi barnanna, þ.e. að læra gegnum leikinn hljóð og heiti stafa og grunnskólinn þarf að tileinka sér betur þessar aðferðir.

Mikilvægt að leikskólinn verði skilgreindur sem fyrsta skólastigið og öll börn sækja leikskóla.

Þrjú verkefni voru nefnd sérstaklega:

- Akraneskaupstaður - þar er mjög góð vinna í gangi varðandi læsi og kennslu barna á leikskólaaldri.
- Ártúnsskóli – góðir hlutir að gerast þar.
- Melaskóli er í samstarfi við leikskóla um að búa til ákveðna stefnu.

15. Hvernig eiga sveitarfélög að sinna lögboðnum skyldum sínum um sérfræðipjónustu við skóla við eflingu læsismenntunar?

Sveitarfélög þurfa að hafa kennsluráðgjafa tiltæka. Þá kom fram að skortur væri á raddlestrarprófum og að sameiginleg viðmið ættu að vera í landinu.

Áhersla var lögð á tvítyngda nemendur og því m.a. velt upp hvort kennarar væru almennt í stakk búnir til að kenna tvítyngdum nemendum.

Bent var á að Finnar hafa nýbúamóttökubekki og spurt hvor við ættum að leggja aukna áherslu á það.

Sérfræðipjónusta skólanna gæti lagt áherslu á samskipti við erlenda foreldrar m.a. í þeim tilgangi að benda á hve mikilvægt eigið tungumál er sem grunnstoð. Mjög mikilvægt er að styrkja móðurmál erlendra nemenda.

16. Áhyggjur af læsismenntun beinast meðal annars að 1) landshlutun, 2) kynjamun, 3) minnkandi bóklestri nemenda og 4) kennaramenntun. Hvernig ætti að bregðast við hverju fyrir sig?

1. Rannsaka hvort um þjóðfélagsmun er að ræða. Atvinnuleysi og lítil menntun. Ef um þjóðfélagsmun er að ræða þarf að efla kennslu á móðurmáli. Efla rannsóknir á þjóðfélagslegum mun. Það þarf að auka rannsóknir á þessu sviði og byggja aðgerðir á rannsóknunum.
2. Skrifa fleiri bækur fyrir stráka. Vera með fyrirmyndir. Feður eiga að taka meiri þátt. Styrkja bókaútgáfu. Strákamiða skólann. Hvetja feður til lestrar.
3. Bókasöfn. Styrkja heimsóknir rithöfunda. Rithöfundastyrkir fyrir barnabækur. Vanda valið á barnabókum. Styrkja bókasöfn og rithöfunda. Auka fjármagn í barnabókmenntir.
4. Auka læsiskennslu í háskólum og gera að skyldufagi.

Auk þessa kom fram:

Purfum að gera eitthvað í þessu við nýbúa. Er ekki að virka. Allar mælingar sýna það. Skólinn þarf að stýra auknum væntingum. Styðja við erlenda foreldra, mögulega þarf sveitarfélagið að koma að þeim stuðningi. Annars verður augin stéttskipting í landinu sem er ekki gott fyrir samfélagið. Við megum líka passa okkur á að þetta er ekki bara verkefni skólanna. Sveitarfélög, félagsþjónusta og fleiri þurfa að koma betur að því að styðja nýbúa. Bent var á að verið er að vinna vel í þessum málum á Dalvík og í Garðinum.

17. Hvert er hlutverk og ábyrgð menntamálaráðuneytis og stofnana sem undir það heyra, sveitarfélaga, skóla og heimila á þeim viðbrögðum (sjá sp.16)?

Grundvallaratriðið er augin samvinna milli þessara aðila og augin skipulagsvinna.

Það er ekki nóg að sveitarstjórn skrifi undir eitthvað samkomulag og taki mynd. Það þarf að fylgja verkefnum betur eftir.

Ráðuneytið kemur með sýn og stefnu, leggur línurnar og það kostar peninga.

Ráðuneytið ákveður mælikvarða námsins og fram kom að aukið fjármagn þyrfti til formlegra skimana.

Rætt var um mikilvægi þess að hætta að tala niður árangur og mikilvægi prófa. Við megum ekki hafna mælikvarðanum. En svo þarf að gæta sín á að líta ekki á eitthvað eitt sem hina einu sönnu og réttu niðurstöðu. Aðrir þættir geta skipt máli sem mælitækið mælir ekki. Engin próf eru fullkomin, þau eru mannanna verk.

Bent var á að áhugi á skólamálum er mjög mismunandi hjá sveitarfélögum. Sveitarfélög þurfa að skoða hvað þau geta gert. Hvað getum við lært af öðrum?

Við þurfum að líta á þetta sem samvinnuverkefni. Engum árangri verður náð í skólunum ef kennarar eru ekki með, það er lykil atriði.

Sveitarstjórn þarf því að sýna áhuga á því sem verið er að gera í skólunum.

Efla þarf foreldrasamstarf og auka ábyrgð foreldra á námi barna sinna.

Dæmi um góða vinnu:

- Snæfellsbær: Vikulegir fundir framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skólastjóra. Miðla þannig upplýsingum á milli og inn í sveitarstjórn.

- Kópavogur: spjaldtölvuinnleiðing. Öll línan með í undirbúningi að innleiðingu. Til fyrirmyndar. Ná allri keðjunni saman frá bæjarstjóra til nemanda.

18. Hvert ætti hlutverk rithöfunda og samtaka þeirra að vera við að efla bóklestur og læsi barna og unglinga

Góðar bókmenntir eru lykilatriði að auknu læsi barna og unglinga. Það þarf að kynna bækur í skólum og auka heimsóknir rithöfunda. Þá þarf að auka styrki til bókaútgáfu.

19. Hvítbók menntamálaráðherra setur eingöngu markmið um lágmarksárangur í lestri; að 90% nemenda nái 2. hæfnisstigi PISA 2018. Eitt af því sem einkennir PISA niðurstöður fyrir Ísland er að fáir nemendur eru í efstu hæfnisþrepunum. Er þetta skynsamleg stefnumótun í því samhengi?

Markmiðið miðar að öllum nemendum líka nemendum sem eiga í námserfiðleikum.

Mikilvægt að hafa þetta sem lágmarksviðmið. Þetta skerpir öll viðmið, einhvers staðar verðum við að byrja. Gott að hafa skýra stefnumörkun. Líklega er ekki raunhæft að miða við 100%.

Svo er spurning hvort 90% sé raunhæft markmið? Það er staðreynd að 7-10% nemenda eiga við námserfiðleika að stríða og svo eru það börnin af erlendum uppruna.

Það er of einhæf áhersla að einblína á þá slökustu. Bjargir í skólunum eru ekki margar til að sinna slakasta hópnun. Vænlegra væri til árangurs í PISA að fókusera á efri lögin.

Það þarf að setja öllum markmið, líka þeim sem eru í efri lögunum. Nauðsynlegt er að ýta öllum upp á við, ekki síst miðjubörnunum.

Það er gott að læsisumræðan er komin í gang en það var feill hjá ráðherra að byrja á að gagnrýna byrjendalæsið.

Vitundarvakningin er kannski mikilvægust. Hún þarf að koma frá skólunum og við fögnum innleggi frá Heimili og skóla.

20. Hvaða áhrif mun nýgerður þjóðarsáttmáli um læsi hafa á ákvarðanatöku og stefnumótun sveitarfélaga?

Jákvætt:

Að læsi skuli vera komið á dagskrá með von um auknar bjargir og handleiðslu inn í skólana. Þjóðarsáttmállinn er styðjandi og hvetjandi. Úti í sveitarfélögunum hafa allir verið að reyna að finna upp sama hjólið. Við eigum að samnýta þekkinguna. Smærri sveitarfélög standa höllum fæti þegar kemur að sérfræðiþjónustu. Ráðgjöf lestrarfræðinganna á eftir að nýstast öllum. Við verðum samt að leggja upp með víðari skilning en nú er – ekki fókusa bara á mælanlega þætti. Skólaskrifstofur eiga að vera stefnumótandi, búum okkur til eitthvað sameiginlegt. Nú þarf skólafólkið að setja þrýsting á sveitarstjórnir um nýtt fjármagn og nýtt innpútt í málaflokkinn.

Neikvætt:

Hætta er á að stefnumörkun sveitarfélaga verði of mikið í takt við matsáherslur Menntamálastofnunar. Hætta er á „mælingavæðingu“.

Skólastjórnendum finnst þeir ekki hafa verið með í ráðum og ekki skólasamfélagið sem heild þegar átakið var undirbúið og umræðan hefur verið of lítil, en þess í stað er „blásið í lúðra“.

21. Er hægt að virkja betur skóla- og almenningubókasöfn til að efla bóklestur barna og unglinga?

Bókasöfn eru lykilatriði í að efla lesskilning.

Mjög mikilvæg er að á skólabókasöfnum starfi fagmenntað starfsfólk sem vinnur markvisst að því að efla áhuga barna á lestri og leiðbeina nemendum um val á bókmenntum.

Veita þarf auknu fjármagni til bókakaupa frá sveitarfélaginu.

Oft eru almenning- og skólabókasöfn sameinuð, sérstaklega í minni sveitarfélögum. Almennigur kemur þá meira inn í skólana og ánægja er með það.

Það þarf að gera söfnin aðlaðandi. Sáttmáli um læsi er tækifæri fyrir bókasöfnin að sækja meira fjármagn.

Það þarf að endurreisa bókasöfnin gera þau að upplýsingaverum. Gera þau að vinnustöð frekar en stað þar sem allaf þarf að vera þögn. Leshópar á almenningubókasöfnum þurfa líka að vera fyrir fólk/börn af erlendum uppruna.



VINNUMAT

1. Hvað finnst þér hafa reynst vel í nýju vinnumati með hliðsjón af námi og kennslu? Samráðið og samtalið hefur aukist, meiri sveigjanleiki og svigrúm, aukið aðgengi að starfsfólki og möguleiki á að dreifa betur vinnuálagi. Aukin fagleg umræða, dregur úr einangrun kennara og mun leiða til betri starfsanda og skila sér til nemenda. Losar um „mínútuskilgreiningar“ til lengri tíma og einfaldar undirbúning.

Annmarkar

Of mikill samanburður í gangi milli skóla innan svf. og milli svf. Tímarammi til innleiðingar var of knappur og skipulag innleiðingar í Rvk. ekki til fyrirmyndar. Yfirlýsingar SSH og FG gerðu illt verra (C-verkþáttur, gæsla o.fl.). Kennarar í „bókunarskólum“ (2.1.6.3) og þeir sem höfðu mikla yfirvinnu hafa lækkað í heildarlaunum og eru síður tilbúnir til „aukaverka“ en áður. Óánægja með vinnumatsskjalið, sem kallar fram mínútutalningu aftur, sem þarf að afleggja. Margir hafa ekki notfært sér það, kom á óvart. Auka verður við stjórnunarkvótann svo innleiðingin gangi eftir. Efi uppi um að tekist hafi að jafna vinnuálag?

Leiðir til lausna

- Reiknilíkan vinnumats (excel-skjalið) þarf að endurskoða, það kallar fram mínútutalningu sem þarf að afleggja
- Auka verður við stjórnunarkvóta skóla vegna innleiðingar
- Sýna þarf fram á að vinnuálagi hafi verið jafnað á kennara

2. Hverjir eru helstu kostir vinnumatsins fyrir framþróun skólastarfs?

Vinnuframlag kennarans er betur skilgreint. Jákvætt að geta dreift verkefnum, þau skilgreind á ábyrgð einhvers ákveðins sem leiðir þau. Betur hægt að jafna vinnuálag milli manna, betri nýting starfsmanna. Þetta á eftir að sjást betur í vetur þegar fram líða stundir. Misjöfn upplifun kennara á álagi starfs þeirra. Aukin sveigjanleiki í skólastarfi. Í stórum skólum er gott að samnýta undirbúning.

Hægt að horfa á skóladaginn heilstæðan. Þarft ekki að borga eyðu ef eitthvert uppbrot er eins og t.d. jólaskemming.

Vinnumatið undirstrikar betur það vald skólastjóra sem honum ber sem yfirmaður á vinnustað. Aukin verkstjórnaréttur stjórnanda og þar með auknar líkur á sveigjanleika og jákvæðri framþróun. Hægt að skilgreina tíma í þau verkefni sem þarf að vinna. Ef vel tekst til – auknir möguleikar í mannauðsstjórnun – stóruauknir. Það þarf að styrkja faglega forystu. Gefur möguleika á meiri fagmennsku og auknu svigrúmi til að vinna þau atriði sem hafa bæst við undanfarin ár.

Kjarabætur sem hafa orðið að undanförmun eru miklar. Heildarlaun hækkuðu um 30%.

Eitt helsta tækifæri í langan tíma til að spýta í lófana og breyta skólanum með afgerandi hætti. Auðveldara að vinna með átaksverkefni eins og læsi o.fl. Vinnutíminn frá 8-16, þarf að fylgja með þessu flæði í skólanum. Lengd viðvera kennara gjörbreytir vinnu skólastjórnenda. Aukin viðvera, aukið faglegt samstarf, betri nýting starfsmanna og möguleikar til betri eftirfylgni stuðlar að auknum gæðum og tækifæri til að bæta skólastarf. Skilvirkara skólastarf og auðveldar alla teymis- og hópavinnu auk fundahalda. Aukið samráð milli stjórnanda og kennara. Tækifæri í að læra af hvert öðru.

Það hefur farið af stað meiri umræða um starfsþróun kennara. Vinnumatið gefur mikla möguleika á starfsþróun.

Kennarar geta skráð ýmsa endurmenntun í excel-skjalið sitt (reiknilíkanið).

3. Hvaða kosti sjáið þið við vinnumat grunnskólans?

Breytinga var þörf, skólastarf stefndi í mikinn vanda vegna fyrirsjáanlegrar manneklu og of mikils álags. Kjarabót.

Ný vinnutímaskilgreining er kostur. Excel skjalið (reiknilíkanið) hefur kosti – skilgreinir dálítið hver á að gera hvað? Tækifæri til að auka sveigjanleika í skólastarfi. Aukin meðvitund um verkefni kennara. Minni baunatalning.

Auðveldar allt samstarf og stjórnun í grunnskólum. Stuðlar að því að efla liðsheildina innan grunnskólanna, það á að vera sjálfsagt mál að vera á vinnustaðnum á vinnutíma. Sérgreinakennararnir eru t.d. markvert lengur í húsi en var. Faglegt samstarf aukið – Meiri gæði í skólastarfi - Kennarar lengur á staðnum – jafnara vinnuálag. Eykur traust milli kennara og stjórnenda ef vel tekst til – starfið verður líkara öðrum störfum og vinnutíma.

Skólastjórnendur hafa möguleika á því að fylgjast með verkefnum kennara – geta betur hvatt og stutt. Sóknarfæri til að ræða hvernig skóla viljum við hafa.

Mikill léttir að hverfa frá þeirri mínútutalningu og miðstýringu sem einkenndi kjarasamninginn áður. Viðveruramminn eins og hann var er ekki vinna kennara. Margir kennarar sem misskildu það. Kennarar þekkja kjarasamning sinn betur.

Undirbúningur og úrvinnsla kennslu sett í forgang og á að ljúka á viðverutíma í skólunum. Vinna umsjónarkennara betur metin

Kennarar komu sumir með góðar hugmyndir að nýjum verkefnum í vinnumatsamtölunum.

Betur hugað að því að kennarar sæti ekki of miklu álagi í starfi.

4. Hefur þú tekið eftir einhverjum breytingum á framkvæmd skólastarfs það sem af er hausti og ef svo er í hverju eru þær fólgnar?

Þar sem er teymisvinna er þetta til hagsbóta. Aðgengi að kennurum er auðveldara, viðvera meiri, tími til samstarfs hefur aukist og stemmingin er afslappaðri. Vinnumatið hjálpar til við að greina í hvaða verkefni tíminn fer og eykur möguleika á vinnuhagræðingu. Starfsþróunarsamtöl ganga betur hjá þeim kennurum sem voru búnir að skrá niður vinnuna sína. Kennarar virðast almennt ánægðari og best hefur gengið þar sem kennarahópurinn var með í ráðum og sameiginleg niðurstaða fékkst. Þá hefur verulega dregið úr yfirvinnu og fleiri hafa kynnt sér kjarasamninginn en áður.

Annmarkar

Gæslumálin hafa verið til vandræða og erfiðara er að fá kennara til að taka að sér tilfallandi verkefni sem ekki voru tilgreind við vinnumatið og lokun á C-hluta (yfirvinnugreiðslur) hefur þar áhrif. Dregið hefur úr skólaþróun þess vegna og hætta á að þeir sem hafa áður leitt það starf hverfi til annarra starfa. Mikilvægt að kennarar fái að halda áfram að þróa sig sem fagmenn. Togstreita hefur myndast milli umsjónarkennara og faggreinakennara. Orka kennara farið í að sýna fram á álag í starfi sem skólastjórnendum finnst erfitt að meta einstaklingsbundið. Allur vinnutími skólastjóra fór í vinnumatið í haust sem olli miklu álagi á þá. Vantar aukinn stjórnendakvóta. Enn má greina andspyrnu í hluta hópsins til vinnumatsins.

Leiðir til lausna

- Auka þarf við stjórnendakvóta skólanna vegna innleiðingar vinnumatsins
- Skilgreina betur verkstjórnarvald skólastjórnenda
- Setja starfslýsingar fyrir allar kennaragerðir
- Uppræta togstreitu milli umsjónarkennara og faggreinakennara og fá alla kennara á sveif með vinnumatinu
- Kennarar skrái verkefni sem unnin eru heima og nýti í starfsþróunarsamtöl
- Þarf að vera hægt að umbuna eldhugunum

5. Hvað telur þú, ef eitthvað, geta helst unnið gegn markmiðum kjarasamningsins? **Ólík túlkun** Allskonar þversagnir eru í þessu og mismunandi forsendur. Ólík túlkun atriða í kjarasamningi. Of margir lausir endar. Misvísandi skilaboð og ákvarðanir sem koma óvænt ofan frá (c-hlutinn í Rvík).

Ekki komin löng reynsla á þetta. Þegar fram líða stundir þá sjáum við betur hvað má laga. Skrýtið að kennarar geti samt neitað að vinna vinnuna sína, eins og að sinna gæslu.

Að ekki verði nægilegur sameiginlegur skilningur á milli stjórnenda skóla og stjórnenda sveitarfélaga á því hvernig ber að túlka kjarasamninginn.

Fjármagn í C Misjafnt fjármagn innan sveitarfélaga eins og t.d. til greiðslu vinnu í C-hluta. Til þess að skólastjóri geti rekið sinn skóla þarf hann B og C hluta. Svo segja sveitarfélögin annað. Skortur á fjármagni er eitt af því sem hefur hamlað þessu. Það vantar umbunarflokka. Lærdómurinn er þessi, að það þarf að binda þetta betur í samningagerðinni. Þess vegna myndast misskilningur og grefur undan þeirri samstöðu sem breytingin hafði í för með sér. Vinnumat hamlar því dálítið að hægt sé að nýta leiðtogana í hópnum, sérstaklega ef ekki er verið að nýta C-hlutann. Línudansinn er að halda eldhugunum.

Sveigjanleikinn Vinnutímasveigjanleiki – lítill vilji til að gefa hann eftir. Misskilin jafnaðarstefna innan stéttarinnar. Of lítill sveigjanleiki, vont að vera alltaf með einhver mínútuspurasmál. Lengja starfsárið það auðveldar sveigjanleika og símenntun í vinnutíma.

Verkstjórn skólastjóra Ósamkomulag um nauðsynlega verkstjórn skólastjórnenda. Er stjórnunarheimild skólastjóra næg, hvert er svigrúm hans? Hvergi annars staðar á vinnumarkaði ákvæði um að yfirmaður þurfi að lúta ákvörðun undirmanns. Vinna kennara verði eins og annarra starfsmanna undir stjórn skólastjórnanda. Stjórnendur þurfa að vera með í starfinu til að geta verið með í samtalinu.

Kennarar hafa ekki forræði yfir verkefnunum sem þeir vinna, það er alltaf verið að setja á þá verkefni. Sérfræðingar út í bæ eru að segja kennurum hvað þeir eiga að gera.

Andstaða / Álag / Íhaldssemi / Ótti við breytingar Þetta er arfleifð af langtíma kúltúr og snýst um stærri mál en „gæsla“/ekki „gæsla“. Kennarar fara oft í vörn og vilja halda sínu. Í öllum stofnunum eru neikvæðar raddir, ef til vill ótti við breytingar. „Rótgrónar“ hefðir, íhaldssemi og þrjóska ráða ríkum, erfitt að breyta menningu. Fámennur hópur kennara, en hávær, er á móti aukinni bindingu í skólanum. Þetta er gömul stétt, þ.e. starfsaldur/ lífaldur er hár. Mun vinnumatið tvístra kennurum?

Viðvera

Sveitarfélög þurfa að tryggja að vinnuaðstæður fyrir kennara séu í lagi, ákveðnir grundvallarhlutir sem þurfa að vera til staðar, töl og tæki.

Áreiti á skólastjórnendur hefur aukist til muna en áður var rólegur tími á milli 14.30 og 16.

Komum við nógu vel undirbúin að þessu borði vegna næstu lotu sem fram fer í maí nk.?

Vinnumatið dró fram þann mun sem var á vinnuframlagi umsjónarkennara og þess hóps sem undirbjó kennslu og farinn heim kl. 2 og opnaði þessa umræðu. Fyrir marga kennara af eldri kynslóðinni var þetta gífurleg breyting að vera til kl. 16 á meðan þeir yngri töldu þetta sjálfsagt. Umræðan verður að vera fagleg og heiðarleg og traust að ríkja á milli stjórnenda og kennara. Frelsi í vinnutíma tekið út í stað launahækkana. Menn óttuðust að sveitarfélögin myndu svíkja þá. Umræða um kjaramál hefur komið niður á faglegu starfi..

Mismunandi kennslumagn (24-28)

Kennsluskyldumunur erfiðari í framkvæmd en í umræðu. Það hefur verið mikið deilumál í stéttinni hvort hluti kennara uppfylli vinnuframlag sitt. Þeir sem eru tveimur launaflokkum lægri en umsjónarkennarar og kenna meira, þar er óánægja. Íþróttakennarar oft nefndir. Ekki orðin sátt um þessa útfærslu. Launaröðunin ætti að vera jöfn þrátt fyrir að einn kennari kenni minna en annar. Hvernig er þá hægt að jafna vinnuálag kennara, þannig að það sé sátt um það? Álagið er mismikið á kennurum. Það ætti að binda í samninginn að sumir eigi að kenna meira. Kennarar þurftu að verja það í samtölum að kenna ekki meira en 26 tíma. Umræðan hefur verið kynslóðatengd. Vel gert að gera fólki kleyft að velja um að selja kennsluafslátt eða ekki. Það ætti að binda í samninginn að sumir eigi að kenna meira.

Staða sérgreinakennara

Helmingur af stéttinni er ekki umsjónarkennarar. Þessi launaflokkur endurspeglar ábyrgð umsjónarkennara á starfinu. Möguleikar á umbun fyrir ábyrgð í starfi. Myndmenntakennari er með annars konar ábyrgð gagnvart sínum nemendum en upplifa sig eins og verið sé að brjóta á þeim og kljúfa stéttina í heild af því þeir eru ekki umsjónarkennarar.

Umsjónarkennarar höfðu miklu meiri vinnu en aðrir kennarar, ójöfnuðurinn er búinn að vera í mörg ár. Menn borga fyrir ábyrgðina en álagið er með færri tímum. Þetta eru tveir þættir. Álagið verður aldrei greitt niður með peningum. Ekki er víst að umsjónarkennarar séu sáttir við að taka alla þessa ábyrgð nema að fá þessa peningalegu umbun.

Talað um stöðu íþróttakennara í vinnumati. Það þarf að vera hægt að semja við fólk út frá sérstökum aðstæðum.

Starfsþróun

Margir í hópnum sakna þeirrar endurmenntunar sem var í boði áður fyrr og sú endurmenntun skilaði sér í launum ef kennarar voru duglegir við að sækja endurmenntunarnámskeið.

Innleiðingarferlið.

Vinnumatið kom allt of bratt inn. Þarf að klára innleiðingu. Kennarar vildu vinnumatið sjálfir. Það er búið að etja fólki saman. Þetta verður svo til þess að í tímahallærinu erum við farin að benda á hvert annað. Togstreita. Allir þurfa að vanda sig. Kennarar stjórnendur og sveitarfélögin. Þetta krefst að við verðum að hætta að vera í þessum skotgröfum og auka gagnkvæmt samráð og samtal. Traust er lykilatriði í samstarfi.

Kennarar héldu að þeir ættu inni þessa launahækkun og tengja ekki saman hækkun og vinnumat.

6. Hvaða galla sjáið þið við vinnumat grunnskólans?

Verkstjórn skólastjórnenda Ekki nægilegur tími til undirbúnings fyrir skólastjórnendur – búið að festa þetta í ákveðnum skorðum og getur orðið erfitt að sníða af agnúana. Of skammur tími var gefinn til innleiðingavinnunnar miðað við hve flókið verkefnið var. Aukinn tími til verkstýringar skólastjórnenda hefur verið minni en vonir stóðu til. Mjög tímafrek vinna – óraunhæft. Skólastjórar hafa verið að glíma við ákveðna óþekkt. Oft deilt um hrein smáatriði við einstaka kennara, en kostar töluverða vinnu að ná niðurstöðu. Þarf að vera einhverskonar pottur sem skólastjórar geta sótt í þegar á þarf að halda. Gildistími kjarasamningsins þyrfti líka að vera lengri.

Ólík túlkun Háværar raddir einstakra kennara lita umræðuna – hefur sums staðar dregið starfsgleði.

Mismunandi skilningur á kjarasamningnum. Kennarar skildu ekki samninginn – samanburður fer af stað – Mat á umfangi vikulegra verkefna er mjög mismunandi frá einum kennara til annars. Vinnumatið felur í sér þá hættu að stilla skólastjórum og kennurum upp sem andstæðingum.

Mismunandi túlkun kennara og stjórnenda á því hvernig farið skuli með uppbrotsdaga – þó skilgreining eigi að liggja fyrir (sbr. KFR).

Kjarasamningar stjórna skólastarfi of mikið, hafa alltaf gert og óvíst hvort þessi samningur breytir einhverju um það.

Gæsla Ekki nógu skýrt hvernig farið er með gæslu. Gæsla á að vera hluti af starfi kennara. Mikið meira álag á börnin, skólaliða o.fl. þar sem dregið hefur verið úr gæslu kennara. Kennarar höfðu mjög ólík viðhorf til útfærslunnar, sumir voru t.d. mjög neikvæðir gagnvart gæslu. Óheppilegt að skilja gæsluna frá öðru skólastarfi, enda mikilvægur þáttur í starfinu. Það er ekki hægt að setja gæslu alfarið inn, það gengur ekki upp – alltof mikill jöfnuður, eigum að líta á kennara sem einstaklinga.

Kjör Kennarar í bókunar 5 skólum lækkuðu í launum við breytinguna. Skapaði óánægju í kennarahópnum, kennarar og skólastjórnendur þar ekki lengur í sama liði. Viðveran í skólanum er nákvæmlega sú sama og áður en mínútutalning kennarahópsins miklu meiri en var áður, hefði þurft að ganga lengra í kjarasamningnum.

Óheppilegt að breyting á launakjörum og umræða um sveigjanleika í vinnutíma komi á sama tíma.

Kennarar sem höfðu yfirvinnu eða greiðslu úr potti fengu minni hækkun á launum sem klárlega hefur dregið úr starfsánægju og vilja til umbreytinga. Mistök að skilgreina skólaþróun í c. Dæmi eru um að kennarar hafa hætt kennslubætandi verkefnum. Stjórnendur sakna pottanna til að geta umbunað kennurum. Kallað eftir fjármagni til að sinna verkefnum í C-þættinum.

Skilningsleysi á því hversu mikil menningarbreyting er í húfi.

Kannski þarf að hugsa öðruvísi um skólastarf – hvað felur það í sér að hafa börn í skóla?

7. Hvernig verður samábyrgð ólíkra aðila tryggð við skipulagningu skólastarfs? (spurning gagnrýnd ekki skýr og of víðtæk)

Breyting verður á menningu og aukið samráð getur leitt til farsælla skólastarfs en samráð kennara og skólastjórnenda er viðkvæmt í nýju vinnumati og gæti þurft að setja á laggirnar sértaka samráðsnefnd innan skóla. Starfshættir verða lýðræðislegri, ábyrgð betur skilgreind og svör. Setja þarf skýr viðmið, skilgreina væntingar og verkferla. Setja fram markvissa skólastefnu í samræðu við íbúa og tala upp skólastarf í sveitafélögum. Fela má eldri nemendum aukna ábyrgð á eigin námi í samráði við foreldra. Hvernig tryggjum við að skólastjórnendur geti markað skólanum stefnu og unnið samkvæmt henni ef stefnan er mörkuð miðlægt af t.d. SSH?

Annmarkar

Ólík túlkun kjarasamnings milli samningsaðila var/er stórt vandamál þegar kemur að framkvæmd á vettvangi. Þetta þarf að laga og virkja betur skólanefndir í því skyni jafnframt. Skortur á samráðsvettvangi milli pólitíkur/sveitarstjórna og grasrótar. Skólaráðin og

foreldrar eru ekki nógu virkir í samræðunni um skólastarfið. Skortur er á fjármagni inn í skólana til breytingastjórnunar vegna innleiðingar nýs kjarasamnings. Jafnvel þó svo yfirráð skólastjórnenda yfir vinnutíma kennara eigi að vera skýr skv. kjarasamningi er samráðskrafan mjög sterk.

Leiðir til lausna

- Samningsaðilar verða að tala betur í takt við túlkun kjarasamninga.
 - Þá þarf að efla tengsl pólitíkur/sv.stjórna og grasrótar. Virkja má betur skólanefndir í þessu samhengi.
 - Setja fram markvissa skólastefnu í samræðu við íbúa og tala upp skólastarf í sveitafélögum.
 - Ekki setja fram miðlægar yfirlýsingar um framkvæmd skólastarfs (sbr. landshlutasamtök).
 - Bæta þarf fjármagni inn í skólana til breytingastjórnunar vegna innleiðingar nýs kjarasamnings.
 - Leggja þarf áherslu á að virkja foreldra betur og skólaráðin.
 - Setja á laggirnar sértaka samráðsnefnd innan skóla.
 - Setja þarf skýr viðmið, skilgreina væntingar og verkferla.
 - Sjálfstraust kennara þarf að efla.
 - Fela má eldri nemendum aukna ábyrgð á eigin námi í samráði við foreldra.
8. Viðvera kennara með nemendum utan kennslustunda, t.d. í matartímum og frímínútum (gæsla) hefur valdið styr í nokkrum skólum í haust. Sumir kennarar telja hana ekki til faglegra starfa og vilja hafna því að sinna henni nema þeir fái greidda yfirvinnu, á meðan aðrir telja hana vel geta fallið undir verksvið kennara. Hver er þín skoðun á þessu máli?

Allt starf með börnum er faglegt starf. Það skiptir máli að þarna sé fagfólk, þ.e. kennarar. Ekki verið að aðskilja kennslu og frímínútur. Samt vilja margir kennarar ekki sinna gæslu án viðbótargreiðslu. Sumum finnst þeir ekki græða á frímínútnagæslu sem fagmenn.

Mikilvægt að kennarar sinni gæslu, því þar gefst oft tækifæri til annarrar nálgunar með nemendum. Getur verið góður stuðningur fyrir nemendur að hafa kennara í frímínútum sem þeir þekkja. Í skóla sem ekki hafði verið með gæslu á unglingastigi var hún tekin upp og hefur það gefið góða raun. Tækifæri gefst til að stoppa ýmislegt neikvætt sem er í uppsiglingu. Ekki samstaða í umræðuhópnum, hvort það skipti máli að hafa fagfólk í gæslu í frímínútum. Orðið gæsla þarf að fara út úr umræðunni og uppástunga um nýtt orð er **nemendaráyni**.

Leiðir til lausna

- Lækka kennsluskyldu yngri barna kennara og þeir tækju gæsluna til að fylla upp í 100% starf
- Hugtakið gæsla þarf að fara út úr umræðunni. Nýyrði: nemendaráyni
- Taka upp vinaliðaverkefni, https://tackk.com/vinalidar?via=related_tackks
- Leggist gæsla ofan á fullt starf ber að greiða hana sem yfirvinnu
- Ákvarða þarf gæslu á einstaklingsgrundvelli en ekki miðlægt
- Skólastjórar eiga að geta gert samkomulag við hvern og einn kennara útfrá verkefnunum þeirra.

9. Hvað kom á óvart við útfærslu og/eða innleiðingu vinnumatsins?

Hvað fáir tóku þátt í kosningu samningsins og hve úrtöluraddir voru háværar. Hvernig kennarar nýta tímann sinn og eiga erfitt með að skilgreina störf sín. Gera lítið úr störfum sínum. Viðhorf kennara er neikvætt – umhverfið er of stýrt.

Hversu sveitarstjórnarmeðlimir og launadeildir „komu af fjöllum“ um kostnaðaraukann. Alltof óljóst hver hagræðing átti að vera á móti kostnaði sveitarfélaganna og því tekið út fjármagn sem gerði framkvæmdina svo erfiða.

Innleiðing hefur skapað mikið álag á skólastjórnendur, sem settir eru í átakastöðu við kennara, á sama tíma og þeir eiga að vera leiðandi í faglegu skólastarfi. Of mikil tímapressa. Kjarasamningurinn hefði þurft að vera skýrari og meiri samstaða um túlkun hans, það hefði auðveldað innleiðingarvinnuna. Mesta fræðslan til kennara fór í gegnum stjórnendur. Krafa kennara um að skólastjórinn eigi að þekkja, kynna og kenna vinnumatið. Kennarar voru ekki búnir að setja sig nógu vel inn í samninginn. Slæmt hvað kennarar þekkja illa samninginn sinn.

Slæmt að bent skyldi á skólastjóra þegar óánægja fór að skapast um innihald samnings því hann var of óljós og til túlkunar fallinn. Trúnaðarmenn neikvæðir eftir fundi og vildu meina að þetta væri samningur sem gengi út á *þið vs. við*. Kennarar upplifðu ekki launahækkun heldur fremur aukið vinnuframlag. Neikvæðni og áhugaleysi kennara og lítill undirbúningur.

Hefur gengið snurðulaust í flestum sveitarfélögum, skólastjórnendur hafa skilað góðu verki við innleiðinguna og traust ríkt um verkefnið. Samtöl við kennara gengið ótrúlega vel enda c hluti nýttur. Viðtölin skiluðu aukinni meðvitund um verkefni kennara s.s. tölvusamskipti.

Misjafnt milli sveitarfélaga hvernig staðið var að framkvæmd vinnumats. Einkennilegt hversu fljótt sveitarfélög töldu sig geta tekið út fjármagn til hagræðingar á móti kostnaði s.s. gæslu o.fl. Skólastjórar grísinn í miðjunni milli sveitarfélaga og kennara – gert að gera ákveðna hluti en allt annar skilningur.

Skortir möguleikann á því að borga vel unnin störf – sbr. t.d. pottarnir. Slæmt að sveitarfélögin hafi leyft sér að klippa út C hlutann í samningnum.

Mismunandi túlkun milli kennara, skólastjórnenda og sveitarfélaga. Þarf að vera sameiginleg kynning.

Hversu lítið breyttist í skólastarfinu sjálfu.

Hvað topp nýtingin virðist hafa verið lítið nýtt – 28.

Leiðir til lausna:

- Mikilvægt að stjórnendur séu bjartsýnir – hrósi (flókið og vandmeðfarið).
- Nemendur ættu að taka þátt í innra mati.
- Fjölbreyttir nemendahópar. Vantar fjölbreyttari stuðning.
- Lausnin í vor liggur í c.
- Það þarf að skýra ábyrgð og hlutverk hvers aðila inni í skóla.

10. Er þörf á að breyta vinnumatinu á einhvern hátt og þá að hvaða leyti?

Reiknilíkanið með mínútutalningu þarf að hverfa, excel-skjalið er óhentugt og felur í sér óþarfa flækjustig á annars einföldu máli. Tryggja þarf sveigjanleikann og nýtingu mannauðs. Vinnumatið er skref tilbaka fyrir bókunarskólana/2.1.6.3. Kennarastarfið er alltof mikið hlutað niður og það þarf að fella niður múra á milli verkþátta og gera það líkara

öðrum störfum. Lengja þarf skólaárið fyrir kennara og stytta vinnuvíkuna í 40 tíma. Venjubundna lengd á sumarfrí og lengja undirbúninginn fyrir kennslu en halda jóla og páskafríum. Þarf að skilgreina hvað fellur undir „annað“ í excel-skjalinu og skoða betur frímínútnahlutann.

Erfiðast í vinnumatsferlinu öllu saman er hvernig kennurum og skólastjórnendum var att saman af hendi forystu félags grunnskólakennara.

Kennsluskyldan er of óljós. Það þarf að breyta kennsluskylduákvæðum með því að taka út hamlandi ákvæði um meðaltal kennslustunda á kennara. Meðaltalið 26 kemur í veg fyrir að sveigjanleikinn virki. Skólastjórar eiga að geta gert samkomulag við hvern og einn kennara útfra verkefnunum þeirra.

Með því að semja við hvern og einn var verið að etja kennurum saman. Ef kennsluskylda er lækkuð hjá einum þarf að setja tíma á annan kennara – veldur óánægju meðal kennara. Allir kenni 26 tíma og ekki að skilgreina sama verkþátt bæði í B og C, sbr. gæsla. Laga þarf launa- og tímamun á milli list- og verkgreinakennara annars vegar og umsjónarkennara hinsvegar.

Skólastjóri úthlutar vinnu til kennara og fagleg störf skulu unnin í skólanum. Álagið á stjórnendur jókst til muna með vinnumatinu. Skapar óánægju í kennarahópnum að skólastjóri þurfi að loka sig meira af til að ná að vinna verkefni og taka öll viðtölin.

Undarlegt að þurfa að skila ítarlegu vinnumati til sveitarstjórna - kennarar upplifa vantraust sveitarstjórnarmanna – ekki samstaða um það í hópnum. Frekar litið á það sem lærdómsferli fyrir alla sem að skólarekstrinum koma.

Stjórnun teyma fellur mikið á hendur skólastjórnenda þar sem ekki er rými til að setja það í hendur kennara. Erfitt að geta ekki minkað kennsluskylduna við þá sem taka að sér önnur verkefni þar sem fjármagn vantar í C hluta svo sem fyrir teymisstjórn.

Þarft að meta það sem búið er að gera hvað lærum við af þessu hvað var gott og hvað vont. Fór bratt af stað þarf að fá að þróast til að leiða eitthvað gott af sér.

Leiðir til lausna

- Reiknilíkan með mínútutalningu hverfi
- Ekki búta kennarastarfið svona niður, fella niður múra á milli verkþátta og gera það líkara öðrum störfum
- Lengja þarf skólaárið fyrir kennara og stytta vinnuvíkuna í 40 tíma
- Breyta kennsluskylduákvæðum, taka út hamlandi ákvæði um meðaltal kennslustunda á kennara
- Laga þarf launa- og tímamun á milli list- og verkgreinakennara annars vegar og umsjónarkennara hinsvegar
- Draga þarf úr vinnuálagi á skólastjórnendur
- Þarf að meta innleiðinguna en gefa jafnframt tíma til það þróast

11. Hvaða áhrif telur þú að innleiðing vinnumats muni hafa á þjónustu við nemendur?

Vinnumatið sjálft og ný vinnubrögð/nálgun á skólastarfið útfra vinnumati og breytingum á kjarasamningi mun hafa góð áhrif á þjónustu við nemendur. Jákvæð áhrif á skólabrag, samstarf og faglegt starf því fólk er á vinnustað að kennslu lokinni. Aukin viðvera kennara í skólanum gefur meiri tíma til samráðs innan teymishópa og þar með væntanlega meiri og betri undirbúning fyrir kennslu sem leiðir til meiri og betri þjónustu við nemendur. Kennarar verða viljugri til að hitta nemendur utan kennslustunda þar sem þeir eru á staðnum og eykur einnig möguleika til foreldrasamráðs á vinnutíma. Auðveldara að ná saman á ólíka

fundi/teymisvinnu, t.d. skilafundum með foreldrum og samráðsfundum með stoðþjónustu. Öll teymisvinna eykur þjónustu við nemendur.

Ef gæsla er inni þá kynnistu nemendum þínum í öðru ljósi og getur nálgast þá á annan hátt og um leið veitt betri þjónustu. Aukinn fjöldi kennara við gæslu nemenda bætir þjónustu við nemendur. Nemendur fá ekki eins þreytta kennara.

Innleiðing vinnumats hefur ekkert með þjónustu við nemendur að gera.

Engin áhrif, nema að því gefnu að faglegt starf í þágu nemenda verði í öndvegi í öllum mínútum sem nú er búið að skilgreina. Ef við berum gæfu til að þróa vinnumatið áfram, fella múra og auka sveigjanleika munu opnast tækifæri til að veita þeim betri þjónustu eftir þörfum hvers og eins nemanda.




NIÐURSTÖÐUR MATS ÞÁTTTAKENDA Á SKÓLAÞINGI 2015

Umsagnir þátttakenda voru heilt yfir afar jákvæðar varðandi fyrirkomulag, framkvæmd og inntak þingsins, sem og fyrirlesara, og þinggestir ánægðir með að fá ólík sjónarhorn á viðfangsefnin. Nokkrar spurningar í ráðstefnumatinu voru til þess fallnar að fanga hugmyndir þinggesta um efnistöð eða aðrar ábendingar vegna næsta skólaþings, hvað stæði upp úr í ár að þeirra mati og hvort þeir hefðu tillögur að fyrirtækjum, stofnunum eða öðrum sem bjóða ætti kynningarbás á næsta þingi. Margt gagnlegt kom í ljós í þessum svörum og ánægjulegt að sjá hversu margir þinggestir tóku sér tíma til þess að svara þessum spurningum. Sambandið mun hafa tillögur að fundarefni fyrir næsta skólaþing og/eða aðra viðburði tengda skólamálum, að leiðarljósi við undirbúning þeirra. Í þeim tillögum var t.a.m. áberandi ósk um að taka til umfjöllunar framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, málefni tónlistarskóla og frístundastarfs. Eru þinggestum færðar þakkir fyrir þátttöku á skólaþinginu og góða og ganglega svörun við ráðstefnumati. Hér fylgja helstu niðurstöður.


Bakgrunnsupplýsingar

Bakgrunnur	Fjöldi	Hlutfall
Sveitarstjóri / bæjarstjóri	6	5,2%
Kjörinn fulltrúi / Nefndarmaður	14	12,1%
Forstöðumaður skólaskrifstofu / Fræðslustjóri	11	9,5%
Starfsmaður skólaskrifstofu	11	9,5%
Grunnskólastjóri	41	35,3%
Leikskólastjóri	3	2,6%
Grunnskólakennari	4	3,4%
Leikskólakennari	0	0,0%
Fulltrúi foreldra	0	0,0%
Annað starfsheiti	26	22,4%

Af þeim sem svöruðu könnuninni voru grunnskólastjórar rúmlega 35%. Kjörnir fulltrúar voru um 12% og forstöðumenn skólaskrifstofa/fræðslustjórar voru um 9,5% þátttakenda. Starfsmenn skólaskrifstofu voru einnig um 9,5% þátttakenda.




Konur voru í meirihluta þátttakenda eða um 72% þeirra. Til viðmiðunar var hlutfall þeirra 80% árið 2011 og 62% árið 2013.



Uppfylldu efnistöð væntingar þínar?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	98	85,2%
Nei	1	0,9%
Að hluta til	15	13,0%
Veit ekki/vil ekki svara	1	0,9%

Mikill meirihluti svarenda svaraði þessari spurningu játandi eða um 85% og um 13% svaraði á þann veg að efnistökin hefðu að hluta til uppfyllt væntingar. Einn svarar því til að efnistöð hefðu ekki uppfyllt sínar væntingar til Skólaþingsins 2015 og einn þátttakandi vildi ekki svara.




Hlutfallslega fleiri karlar en konur svara spurningunni játandi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá svör við spurningunni eftir bakgrunni eða starfsheitum þátttakenda.

Hvernig fannst þér skipulag skólapingins?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Mjög gott	66	57,4%
Gott	43	37,4%
Hvorki né	4	3,5%
Slæmt	1	0,9%
Mjög slæmt	0	0,0%
Veit ekki/vil ekki svara	1	0,9%


Á myndinni hér fyrir neðan sést að yfirgnæfandi meirihluta eða tæplega 95% fannst skipulag þingsins gott eða mjög gott. 3,5% svaraði hvorki né og 0,9% töldu skipulagið slæmt eða mjög slæmt. Fram kom í athugasemdum að einstaka taldi heppilegra að raða fyrirfram á borð svo hópar yrðu ekki of einsleitir eða aðgreindir eftir sveitarfélögum.



Hentaði tímasetning og fyrirkomulag?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	108	93,9%
Nei	1	0,9%
Að hluta til	6	5,2%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Tímasetning og fyrirkomulag skólapingins hentaði um 94% þátttakenda og rúmlega 5% að hluta. Einungis 0,9%, eða einn þátttakandi, svara því til að tímasetning og fyrirkomulag hafi ekki hentað. Athugasemdir lutu að flugáætlunum og miklu ráðstefnuálagi á þessum árstíma.



Fannst þér aðstaðan fullnægjandi?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	108	93,9%
Nei	1	0,9%
Að hluta til	6	5,2%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Mikil ánægja var meðal þátttakenda með aðstöðuna en 94% þeirra telja hana fullnægjandi. Einungis einn eða 0,9% telja hana ekki fullnægjandi og 5,2% telja hana fullnægjandi að hluta. Athugsemdir lutu flestar að skipulagi og aðstöðu í tengslum við hádegisverðinn.



Varstu ánægð(ur) með störf umræðuhópanna?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	88	76,5%
Nei	2	1,7%
Að hluta til	21	18,3%
Tók ekki þátt	2	1,7%
Veit ekki/vil ekki svara	2	1,7%


Mikill meirihluti var ánægður með störf umræðuhópanna eða 82% og 12% þátttakenda var ánægður að hluta. Einungis þrír einstaklingar eða 2% voru óánægðir með störf umræðuhópanna. Aftur komu fram athugsemdir um að heppilegra hefði verið að raða fyrirfram í umræðuhópa og þrjár lutu að umræðustjórn.



Fannst þér fyrirlestrar þingsins vera gagnlegir?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	83	76,1%
Nei	0	0,0%
Að hluta til	26	23,9%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%

Rúmlega 3/4 töldu fyrirlestra skólaþings 2015 gagnlega og um 24% töldu þá gagnlega að hluta. Enginn svaraði þessari spurningu neitandi.



Hve ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í heildina með nýafstaðið Skólaþing sveitarfélaga?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	53	48,6%
Ánægð(ur)	51	46,8%
Hvorki né	4	3,7%
Óánægð(ur)	1	0,9%
Mjög óánægð(ur)	0	0,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%

Rúmlega 95% þátttakenda svaraði því til að þeir væru ánægðir eða mjög ánægðir með nýafstaðið Skólaþing sveitarfélaga. Tæplega 4% svaraði hvorki né og 0,9%, eða einn einstaklingur svaraði því til að hann væri óánægður með skólaþingið.

